

Alþingi
Erindi nr. P 143/592
komudagur 9.12.2013

Alþingi
Nefndasvið

Reykjavík, 06. desember 2013
2013120006

Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um velferð dýra, 210. mál á 143. löggjafarþingi

Á Alþingi hefur verið lagt fram frumvarp til laga um breytingu á lögum um velferð dýra. Formaður Bændasamtaka Íslands var til svara fyrir samtakanna hönd á fundi atvinnuveganefndar Alþingis hinn 6. desember 2013 vegna málsins. Umsögn Bændasamtaka Íslands um frumvarpið er með bréfi þessu komið á framfæri við nefndina.

Bændasamtök Íslands leggjast ekki gegn því að dregið verði úr umfangi eftirlits sem lög um velferð dýra gera ráð fyrir ef ljóst má þykja að það komi ekki niður á velferð búfjár og það hafi fjárhagslegan sparnað í för með sér. Bændasamtök Íslands telja þó mikilvægt að sem fyrst verði upplýst um með hvaða hætti eftirlitið verður og hvaða áhrif áhættuflokkun Matvælastofnunar hefur á umfang og tíðni eftirlits frá því sem nú er. Í drögum að nýrri reglugerð um gæðastýrða sauðfjárframleiðslu er ekki gert ráð fyrir árlegu eftirliti eins og verið hefur en Bændasamtök Íslands telja mögulegt að gera ráð fyrir sömu tíðni eftirlits með því hvort skilyrði gæðastýringar eru uppfyllt. Eftir atvikum megi hins vegar fylgjast með gæðahandbókum með rafrænum hætti og þannig örar.

Virðingarfyllt
f.h. Bændasamtaka Íslands

Elías Blöndal Guðjónsson

Alþingi
Erindi nr. P 143/590
komudagur 9.12.2013

Atvinnuveganefnd Alþingis
b.t. Selmu Hafliðadóttur ritara
Skrifstofu Alþingis, nefndasviði
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 9. desember 2013

Efni: Athugasemd um frumvarp um breytingu á lögum um velferð dýra nr. 55/2013

Með tölvubréfi dags. föstudag 6. desember sl. var óskað eftir skriflegri athugasemd nefndarinnar við ofangreint frumvarp. Það er undirrituðum ljúft að gera á faglegum og á persónulegum grundvelli þekkingar og reynslu af dýravelferðar- og búfjárhaldsmálum um áratuga skeið. Má þar m.a. nefna umsjón með forðagæslu og búfjáreffirliti hjá Bændasamtökum Íslands á annan áratug, þar með síðustu fimm árin sem BÍ hafði umsjón með þeim málaflokki, vinnu við samningu og endurskoðun laga og reglugerða um þessi efni sem enn er í gangi, setu í Dýraverndarráði fyrir BÍ um tveggja áratuga skeið, þar af síðasta áratuginn sem það starfaði, og formennsku í stjórn Dýraverndarsambands Íslands frá 2007-2012.

Matvælastofnun hefur kynnt vel þær breytingar sem verða á öllu því lagaumhverfi sem tekur gildi um næstu áramót varðandi velferð dýra, þar með búfjár. Gert er ráð fyrir skilvirkari framkvæmd, reglulegu opinberu eftirliti af hálfu Matvælastofnunar og, síðast en ekki síst, að dómstólar geti ráðið málum til lykta með markvissari og fljótvirkari hætti en raun hefur verið á. Ljóst er að **reglubundið og virkt eftirlit** er ein grundvallarforsenda þess að unnt sé að mæta markmiðum 1. gr. laga um velferð dýra nr. 55/2013.

Það frumvarp til laga sem hér liggur fyrir, og varðar eingöngu breytingu á 13. gr. framangreindra laga, er lagt fram eins og fram kemur í greinargerð „í því skyni að draga úr umfangi þess eftirlits sem lögin mæla fyrir um.“

Um næstu áramót hverfa frá hlutastörfum 50 búfjáreffirlitsmenn sveitarfélaga sem hafa annast eftirlit með búfjárhaldi og öflun hagtalna um búfé, fóður o.fl. Það hefur m.a. falið í sér a.m.k. eina heimsókn ár hvert á tímabilinu janúar til apríl til allra búfjáreigenda í landinu, samtals um 5800 heimsóknir, að meðtöldum búfjáreigendum utan lögbýla mest í kaupstöðum og kaupúnum. Þeirra á meðal eru um 1600 bú í gæðastýringu sauðfjárræktar.

Fyrir setningu laganna s.l. vor varð m.a. mikil umræða um eftirlitsþáttinn. Þótti ýmsum, sem vel þekkja til mála, að frekar þyrfti að efla eftirlitið en veikja það í ljósi nokkurra erfiðra mála sem komið hafa upp á seinni árum og skaða mjög ímynd bænda og landbúnaðarins í heild. Segja má að 13. gr. laganna sé eins konar málamiðlun þar sem horfið er frá því grundvallarsjónarmiði forðagæslunnar sem ríkt hefur frá lokum 19. aldar, að heimsækja beri öll bú í landinu, þar sem búfé er haldið, a.m.k. einu sinni á vetri. Reynslan hefur sýnt að þrátt fyrir bætta fóðrun og meðferð búfjár, þegar á heildina er litið, hefur ekki veitt af þessu eftirliti sem hefur, auk þess að greina vankanta og vandamál, haft forvarnargildi og virkað sem aðhald að einhverju leyti. Þó liggur ekki fyrir nein úttekt á skilvirkni þessa kerfis á liðnum áratugum. Á því voru vissulega brotalamir.

Með því frumvarpi til laga sem hér liggur fyrir er gert ráð fyrir að ákvæði 13. greinar felist, m.a. í því að þungamiðja eftirlitsins verði **byggt á áhættuflokkum fremur en reglubundnum eftirlitsheimsóknum**. Þarna er því verið að gera því skóna að raunverulegt eftirlit verði dregið saman enn frekar í sparnaðarskinu. Þó liggja ekki fyrir í greinargerðinni neinar kostnaðaráætlanir þótt reiknað sé með að draga megi töluvert úr kostnaði. Þá er heldur ekki ljóst hvernig fyrirhugaðar breytingar kunni að hafa á velferð búfjár í landinu, sbr. markmið 1. gr. laga um velferð dýra nr. 55/2013.

Eftirtalin atriði eru meðal þeirra sem þarf að huga að við umræður um framangreint frumvarp til laga:

- 1) Matvælastofnun hefur ekki lagt fram faglega unnar tillögur um **áhættuflokkun** fyrir hið nýja búfjárefirlitskerfi. Því er ekki vitað á þessu stigi á hvaða grundvelli það verður byggt né heldur hvernig það verður framkvæmt. Þannig er gersamlega óljóst hvernig byggja skal umfang og tíðni búfjárefirlits á áhættuflokkun. Þar við bætist að samkvæmt frétt Helga Bjarnasonar blaðamanns í Morgunblaðinu 5. desember sl. hefur Matvælastofnun ekki fjármuni til að byggja upp hið nýja eftirlitskerfi.
- 2) Bændasamtök Íslands gerðu ítarlega úttekt á öllum athugasemdum sem búfjárefirlitsmenn gerðu við vorkoðun síðustu þrjú árin sem þau önnuðust forðagæslu og búfjárefirlit, þ.e.a.s. vorin 2008, 2009 og 2010. Í stuttu máli sagt voru skráðar athugasemdir á nokkuð á 3. hundrað búum ár hvert, sumar mjög alvarlegar, sum búin komu fram á athugasemdaskránni öll árin en ljóst var að mörg „ný bú“ lentu á skránni ár hvert. Þannig skipta reglubundnar eftirlitsheimsóknir sköpum til að greina vandamálin jafn óðum og þau koma upp. Hætt er við að áhættumiðað eftirlit þar sem meira yrði horft til **upplýsinga frá búfjáreigendum sjálfum**, eins og ráð er fyrir gert í niðurlagi greinargerðar með frumvarpinu, verði ekki eins trúverðugt. Það virðist reyndar augljóst að verði áhættuflokkun fremur en eftirlitsheimsóknir látin ráða ferðinni eru minni líkur á að upp komist um óviðunandi eða slæma meðferð búfjár. Þess eru mörg dæmi að alvarlegar athugasemdir hafi verið gerðar eða jafnvel lagðar fram kærur vegna búa, þar sem áður var allt í sóma, svo sem vegna veikinda, ellihrumleika, of mikils vinnuálags eða mannfæðar eða vegna erfiðrar fjárhagsstöðu. Þessir aðilar leita yfirleitt ekki hjálpar og nágrennar láta sjaldan vita um slæma stöðu og því geta reglubundnar heimsóknir búfjárefirlitsmanna skipt sköpum. Ekki er vitað til þess að Matvælastofnun hafi gert úttektir á athugasemdum frá búfjárefirlitsmönnum eftir uppgjör vorin 2011-2013 líkt og BÍ gerði fyrir vorin 2008-2010 og send voru stofnuninni á sínum tíma. Slík úttekt gæti verið liður í uppbyggingu áhættuflokkunar en meira þarf þó að koma til.
- 3) Sérstök ástæða er til að benda á eftirfarandi breytingar sem orðið hafa í búfjárhaldi á seinni árum, einkum undanfarin fimm ár:
 - a) Eftir bankahrunið fór að bera meira á því að **hross** væru ekki tekin á hús, jafnvel reiðhestar úr þéttbýlisstöðum. Útígangur með eða án gjafar hefur því farið vaxandi. Oft eru hross haldin vetrarlangt á skjóllitlu landi, jafnvel á hagleysu, en þeim færðar rúllur, oftast eftir þörfum. Efla þarf eftirlit með útígangshrossum og einnig nautgripum í sumum tilvikum. Oft er um eyðijarðir eða landspildur að ræða þar sem ekki er varanleg búseta og eftirlit eigenda misgott.

- b) Margar **litlar fjárhjarðir** hafa orðið til á jörðum, byggðum sem óbyggðum, víða um sveitir á árunum eftir bankahrunið. Þær kalla á aukið eftirlit þótt venjulega sé fóðrun og aðbúnaður í lagi.
- c) Bú eru almennt **að stækka** og hefur þetta verið mjög greinileg þróun bæði á nautgripa- og sauðfjárbúum, einkum undanfarin áratug. Treyst er á bætta tækni og mannaflí er minni en áður. Búskap á býsna stórum búum er jafnvel sinnt meðfram vinnu utan bú. Oftast gengur þetta vel og góð velferð búfjár er tryggð en þó er áberandi hve mikil vandamál hafa komið upp á nokkrum stórum nautgripa- og sauðfjárbúum á seinni árum. Þeirra á meðal eru nokkur bú sem eru undir sérstöku eftirliti Matvælastofnunar. Engin fagleg rök mæla með því að slakað sé á reglubundnu eftirliti með þessum búum en því miður eru búfjárefirlitsmenn að greina „ný bú“ á hverju ári þar sem velferð búfjár er ábótavant, sbr. lið 2 hér að framan.

Niðurstöður:

Engin fagleg rök hafa komið fram sem benda til þess að unnt sé að halda uppi viðunandi búfjárefirliti í samræmi við markmið laga um velferð dýra nr. 55/2013 með því að breyta 13. gr. laganna á þann hátt að vægi áhættuflokkunar verði aukið stórlega á kostnað reglubundinna eftirlitsheimsókna. Því er talið óráðlegt að breyta 13. gr. laganna.

Þar sem undirritaður hefur nýlega orðið var við áherslubreytingu í viðhorfum til áhættuflokkunar innan yfirstjórnar Bændasamtaka Íslands er ítrekað að hér er um persónulegar athugasemdir og niðurstöður að ræða. Því ber hvorki að skoða þær sem athugasemdir frá BÍ né tengja starfi mínu hjá samtökunum.

Virðingarfyllst,



Ólafur R. Dýrmundsson

